

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 111/2009

frá 22. október 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2009 frá 25. september 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 329/2009 frá 22. apríl 2009 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98 varðandi hagskýrslur til skamms tíma að því er varðar uppfærslu skrár yfir breytur, hversu oft hagtölur skulu teknar saman og sundurliðun og samsöfnun breyttra ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/2009 frá 22. apríl 2009 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð á árstíðarbundnum afurðum í samræmdum vísitölum neysluverðs ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (reglugerð ráðsins (EB) nr. 1165/98):
„– **32009 R 0329**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 329/2009 frá 22. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 3).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 19w (reglugerð ráðsins (EB) nr. 701/2006):
„19wa. **32009 R 0330**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 330/2009 frá 22. apríl 2009 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 2494/95 með tilliti til lágmarksstaðla varðandi meðferð á árstíðarbundnum afurðum í samræmdum vísitölum neysluverðs (Stjtið. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 6).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 304, 19.11.2009, bls. 21, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 61, 19.11.2009, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 103, 23.4.2009, bls. 6.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 329/2009 og 330/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. október 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. október 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.